



Reykjavíkurborg
Skrifstofa borgarstjórnar

Alþingi
Erindi nr. P 131/1797
komudagur 3.5.2005

Reykjavík, 2. maí 2005
R05040108
175
GE/jb

Alþingi - Menntamálanefnd
150 Reykjavík

Frumvarp til laga um Ríkisútvarpið og Sinfóníuhljómsveit Íslands

Borist hefur meðfylgjandi umsögn frá menningar- og ferðamálaráði, dags. 29. f.m., um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið og frumvarp til laga um breytingar á lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands. Umsögnin er hér með f.h. borgarráðs send menntamálanefnd Alþingis.


Gunnar Eydal



Reykjavíkurborg
Stjórnsýslu- og starfsmannasvið
Lögfræðiskrifstofa

AFRIT

Reykjavík, 2. maí 2005
R05040108
175
/ás

Borgarráð

Umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið sf. 643. mál, heildarlög og frumvarp til laga um breytingu á lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands, 644. mál.

Bréf menntamálanefndar Alþingis, dags. 14. apríl sl. ásamt frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið sf., heildarlög og frumvarp til laga um breytingu á lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands, sem barst Reykjavíkurborg, var sent menningar- og ferðamálaráði til umsagnar. Nú hefur borist umsögn menningar- og ferðamálasviðs frá 19. þ.m. og sendist meðfylgjandi.

F.h. Lögfræðiskrifstofu

Stjórnsýslu- og starfsmannasviðs

Ásthildur Sigurðardóttir

Hjálagt: Umsögn.



Reykjavík, 29. apríl 2005
R05040153
Tilv. R05040108/ás
SK/ub

Borgarlögmaður
Ráðhúsi Reykjavíkur

Umsögn menningar- og ferðamálaráðs um frumvörp um Ríkisútvarp og Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Á fundi menningar- og ferðamálaráðs þ. 28. apríl sl. var lagt fram til afgreiðslu erindi frá borgarlögmanni dags. 15. apríl þar sem óskað er umsagnar ráðsins um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið sf. 643. mál, heildarlög og frumvarp til laga um breytingu á lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands, 644. mál.

Menningar- og ferðamálaráð samþykkti svohljóðandi umsögn:

1) Menningar- og ferðamálaráð telur þann frest sem gefinn er til umsagnar alltof stuttan og biður Alþingi að gæta þess í framtíðinni að mun ríkara tóm þarf að gefast til ígrundaðra umsagna. Þá telur ráðið að ræða þurfi málefni Ríkisútvarpsins í samhengi við lagaramma um alla ljósvakastarfsemi og því gefi þetta frumvarp eitt og sér aðeins takmarkaða mynd af lagalegu umhverfi fjölmiðla. Þetta er gagnrýnisvert.

2) Menningar- og ferðamálaráð hefur ekki kynnt sér til hlítar meinta kosti þess að breyta RÚV úr stofnun í fyrirtæki, en bendir á að Reykjavíkurborg rekur fjölmargar menningarstofnanir með góðum árangri, skilvirkni í rekstri og ánægju notenda án þess að hafa breytt stofnunum sínum í sjálfseignarfélög eða sjálfseignarstofnanir, og því síður hlutafélög. Faglegt sjálfstæði menningarstofnana borgarinnar er tryggt með gagnsæi í ráðningarmálum, dreifstýringu, og skýrri almennri stefnumótun þar sem ráð borgarinnar gegnir eftirlitshlutverki án þess að hlutast til um mannaáðningar, dagskrá eða einstaka rekstrarþætti. Menningar- og ferðamálaráð myndi ekki undir nokkrum kringumstæðum mæla með því að vald yfir menningarstofnun væri á höndum eins aðila, svo sem ráðherra, sem gæti kallað saman „félagsfund“ og vikið forstöðumanni eða sett stólinn fyrir dyrnar. Þá er vert að spyrja um þá ríku samfélagslegu ábyrgð sem stofnun („fyrirtæki“) á borð við RÚV hlýtur að hafa með tilliti til upplýsingalaga og stjórnsýslulaga.


3) Menningar- og ferðamálaráð telur mikilvægt að í borginni starfi öflugt almannaútvarp með skýrt skilgreind markmið um þjónustu. Borgin á mikið undir því að menningarlífið sé auðgað af öflugri ljósvakastofnun sem starfar samkvæmt svipuðum markmiðum og

menningarstofnanir borgarinnar. Því fagnar ráðið því að almenningsútvarp verði rekið. Frumvarpið skilgreinir hins vegar ekki skýr markmið RÚV sem menningarstofnunar. Ef ætlun er að ákvarða þau nánar með þjónustusamningi við menntarmálaráðuneytið leyfir ráðið sér að spyrja um upplýsingu við almenning, þátttöku þeirra sem starfa að menningarmálum og gagnsæi. Þá efast ráðið um að menningarstofnanir sem eiga að gegna víðtæku almennu þjónustuhlutverki eigi að lúta mismunandi pólitískri stefnumótun með þjónustusamningum sem breytast eftir því hver er við völd, án þess að á undan fari víðtæk umræða, kynning og þátttaka þeirra sem hagsmuna hafa að gæta. Þessi aðferð er í andstöðu við það sem Menningar- og ferðamálaráð Reykjavíkur temur sér í vinnubrögðum og felur ráðherra hverju sinni of mikið beint íhlutunarvald.

4) Menningar- og ferðamálaráð telur að þróa þurfi mun betur hugmyndina um stjórn stofnunarinnar og hlutverk, aðkomu og áhrif notenda og starfsmanna. Þetta er vissulega vandasamur þáttur er varðar stjórn menningarstofnana en ráðið bendir á að Alþingi getur leitað uppi mörg önnur „ráðsform“ en það sem hér er lagt til.

5) Reykjavíkurborg styrkir Sinfóníuhljómsveit Íslands samkvæmt lögum, og telur mikilvægt að hagar hljómsveitarinnar sé tryggður. Menningar- og ferðamálaráð Reykjavíkurborgar spyr hvers vegna ekkert samráð hafi verið haft við borgina um skipan mála er varðar hljómsveitina, og spyr hvort önnur sveitarfélög hafi hvergi komið að, og þá hvers vegna? Engin efnisleg rök hníga að því að aðeins Reykjavík og Seltjarnarnes styðji hljómsveitina, ein sveitarfélaga. Óskar ráðið eftir svári við því hvers vegna annar stærsti rekstraraðili hljómsveitarinnar er hvergi hafður með í ráðum.

Virðingarfyllst,
f.h. menningar- og ferðamálaráðs


Svanhildur Konráðsdóttir



ORÐSENDING

Viðtakandi: Menningar- og ferðamálaráð, Svanhildur Konráðsdóttir, sviðsstjóri

Sendandi: Borgarlögmaður.

Umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið sf. 643. mál, heildarlög og frumvarp til laga um breytingu á lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands, 644. mál.

Reykjavíkurborg hefur borist bréf menntamálanefndar Alþingis ásamt frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið sf. 643. mál, heildarlög og frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands, 644. mál. til umsagnar.

Frumvarpið hérmeð sent menningar- og ferðamálaráði til umsagnar.

Umsögn óskast send borgarlögmanni. Vakin er athygli á svarfresti til Alþingis sem er 28. apríl n.k.

F.h. borgarlögmanns,

Ásthildur Sigurðardóttir
skrifstofustjóri.

Hjálagt:
Bréf Alþingis ásamt frumvörpum.